

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 95/2008**

**frá 26. september 2008**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2008 frá 25. apríl 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 688/2006 frá 4. maí 2006 um breytingu á III. og XI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar vöktun smitandi heilahrönnunar og sérstaks áhættuefnis í nautgripum í Svíþjóð <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 722/2007 frá 25. júní 2007 um breytingu á II., V., VI., VIII., IX. og XI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 727/2007 frá 26. júní 2007 um breytingu á I., III., VII. og X. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2007 frá 29. október 2007 um breytingu á IX. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/667/EB frá 15. október 2007 um að leyfa notkun nautgripa í smíthættu þar til framleiðslutíma þeirra lýkur í Þýskalandi eftir að staðfest hefur verið opinberlega að kúariða hafi komið upp <sup>(6)</sup>.
- 7) Ákvörðun þessi á að taka til Íslands með aðlögunarfrestinum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka.
- 8) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 120, 5.5.2006, bls. 10.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 164, 26.6.2007, bls. 7.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 165, 27.6.2007, bls. 8.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 284, 30.10.2007, bls. 8.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 271, 16.10.2007, bls. 16.

## ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

### 1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1:
  - „– **32006 R 0688**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 688/2006 frá 4. maí 2006 (Stjtíð. ESB L 120, 5.5.2006, bls. 10),
  - **32007 R 0722**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 722/2007 frá 25. júní 2007 (Stjtíð. ESB L 164, 26.6.2007, bls. 7),
  - **32007 R 0727**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 727/2007 frá 26. júní 2007 (Stjtíð. ESB L 165, 27.6.2007, bls. 8),
  - **32007 R 1275**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2007 frá 29. október 2007 (Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2007, bls. 8).“
2. Í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1 hljóði aðlögunarliður A svo:
  - „Eftirfarandi liður bætist við í I. hluta kafla A í III. viðauka:
    - 2.3 Að því er varðar horn af nautgripum sem eru aldir og leiddir til slátrunar á norsku yfirráðasvæði er stjórnvöldum í Noregi heimilt að ákveða, þrátt fyrir ákvæði liðar 2.2, að aðeins verði tekið slembisýni til rannsóknar. Sýnið verður að taka til eigi færri en 10 000 dýra á ári.“
3. Texti aðlögunarliðar C í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1 falli brott.
4. Eftirfarandi liður bætist við í 41. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/411/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 7.2:
  - „41a. **32007 D 0667**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/667/EB frá 15. október 2007 um að leyfa notkun nautgripa í smithættu þar til framleiðslutíma þeirra lýkur í Þýskalandi eftir að staðfest hefur verið opinberlega að kúariða hafi komið upp (Stjtíð. ESB L 271, 16.10.2007, bls. 16).“

### 2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 688/2006, 722/2007, 727/2007 og 1275/2007 og ákvörðunar 2007/667/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nikulás prins af Liechtenstein***

formaður.